

25. ágúst 1970.

551

Nr. 170.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af Seláshverfi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 21. ágúst 1970 staðfest skipulagsupprátt af Seláshverfi í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

25. ágúst 1970.

Nr. 171.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi, Árnæssýslu.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur ráðið hr. Steingrím Jónsson hreppsnefndarmann, til að vera sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi.

Á fundum sínum mánudaginn 29. júní og mánudaginn 27. júlí 1970, gerði hreppsnefndin svo hljóðandi samþykkt um starfssvið hans.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðarétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi, í samráði við oddvita, framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, ásamt oddvita, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

B 70

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim er í 5. gr. getur, og greiddast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem ráð þykir að taka fram af því tilefni.

Ráðningarsamningurinn skal staðfestur af hreppsnefnd.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps í Árnessýslu hefur samíð og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar
nr. 163 21. september 1959.**

1. gr.

9. grein orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem svo er ástatt, sem í 8. gr. segir, skal greiða vatnsskatt 4% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 300.00 og af íbúðarhúsi með tveimur eða fleiri íbúðum skal lægsta gjald vera kr. 200.00 af íbúð. Ef um er að ræða hús, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í heim er rekin og útheimtir mikið vatn skal greiða vatnsskatt allt að 6% af fasteignamatsverði. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamats virðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

2. gr.

10. grein orðist svo:

Fyrir önnur ómæld vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	3.00
2. Af hverri smálest innvegins fisks	—	3.50
3. Fyrir hverja frysta síldartunnu	—	2.50
4. Fyrir hvern kjötskrokk	—	1.50
5. Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu	—	2.00
6. Fyrir hvern krana utanhúss og í peningshúsum	—	200.00